Íslenska ríkið (ríkið) annars vegar og Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær (sveitarfélögin) hins vegar gera með sér samhliða uppfærslu Samgöngusáttmála svohljóðandi:

S A M K O M U L A G

um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald.

Kalfli 1.

REKSTUR ALMENNINGSSAMGANGNA

1. gr.

Aðilar eru sammála um að koma á fót nýju félagi/rekstrareiningu, sem verði í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga, og annist þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Taki reksturinn jafnt til hefðbundinna strætisvagnaleiða og Borgarlínu. Hið nýja félag/rekstrareining skal hefja rekstur eigi síðar en 1. janúar 2025.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að sveitarfélögin beri 67% heildarkostnaðar að frádregnum heildartekjum vegna rekstrar almenningssamgangna skv. 1. gr. frá og með 1. janúar 2025.

Aðilar eru sammála um að ríkið beri 33% heildarkostnaðar að frádregnum heildartekjum vegna rekstrar almenningssamgangna skv. 1. gr. frá og með 1. janúar 2025.

Samkvæmt rekstraráætlunum nýs leiðanets og Borgarlínu er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður sem og farþegatekjur kerfisins aukist nokkuð við upphaf og innleiðingu leiðakerfis Borgarlínu. Áætlanir sýna að tekjur skili sér nokkuð síðar en kostnaðaraukningin. Ári fyrir akstur á Borgarlínuleiðum munu aðilar ganga til samninga um aukið hlutfall ríkisins til rekstursins.

3. gr.

Ríkið skuldbindur sig jafnframt til að leggja til framlag vegna orkuskipta vegna kaupa akstursaðila á rafmagnsvögnum og uppbyggingar hleðsluinnviða vegna almenningssamgangna í samræmi við markmið Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum um orkuskipti í almenningssamgöngum. Fyrirséð er að fram til ársins 2030 (fyrsti og annar áfangi orkuskipta) þurfi að fjárfesta í u.þ.b. 200 rafmagnsvögnum auk þess sem mikill kostnaður er fyrirséður í tengslum við uppbyggingu hleðsluinnviða.

Miðað skal við að orkuskiptaframlag vegna vagnakaupa verði allt að 30 m.kr. vegna hvers vagns sem keyptur er og nýttur við reksturinn.

4. gr.

Vinna við undirbúning stofnunar hins nýja félags/rekstrareiningar skal hefjast í kjölfar undirritunar samkomulags þessa og skuldbinda aðilar sig til að bera að jöfnu útlagðan kostnað vegna þeirrar vinnu, s.s. hvað varðar aðkeypta sérfræðiráðgjöf. Við undirbúningsvinnuna skal

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

m.a. kanna hvort rétt sé að rekstrinum verði fyrir komið sem rekstrareiningu innan Betri samgangna ohf. Samhliða fari m.a. fram nánari útfærsla á orkuskiptaframlagi skv. 3. gr.

Innviðaráðherra skal skipa sex manna stýrihóp, þar sem innviðaráðherra tilnefnir einn aðila, fjármála- og efnahagsráðherra tilnefnir einn, forsætisráðherra einn og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þrjá, sem ber ábyrgð á vinnslu verkefnisins skv. framangreindu. Undirbúningsvinnu skal lokið og hún kynnt aðilum eigi síðar en 15. október 2024 og skulu ákvarðanir aðila á grundvelli hennar liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2024.

Félaginu er falið að gera 12 mánaða rekstrar- og sjóðstreymisáætlun sem uppfærð skal mánaðarlega og send eigendum. Í þeim áætlunum skal koma fram hefðbundin sundurliðun á helstu rekstrar- og afkomuliðum, auk nýtingarhlutfall og framlegð af hverri leið og heild.

Aðilar eru sammála um að rekstrarframlög verði greidd mánaðarlega til samræmis við rekstrar- eða fjárhagsáætlun og að endanlegt uppgjör eigi sér stað í upphafi ársins á eftir.

Kafli 2.

STJÓRNSKIPULAG

5. gr.

Aðilar eru sammála um að gerðar verði umbætur á starfsemi Betri samgangna og stýrihópi. Þá er lögð áhersla á að upplýsingaflæði um stöðu verkefna, kostnað og framvindu frá Vegagerðinni til Betri samgangna verði gott og að verkefninu verði sett útboðsstefna. Mikilvægt er að utanumhald gagna vegna framkvæmdar samgöngusáttmálans og framvindu verði í kerfi sem bæði Vegagerð og Betri samgöngur hafa aðgang að. Hlutverk aðila verði skýrð nánar og stjórn setji sér skýrari verklagsreglur. Betri samgöngur efli sig sem verkkaupi og eigandi verkefna sáttmálans og taki að sér það verkefni að fylgja eftir framgangi skipulagsmála. Þá verði álag Vegagerðarinnar á framkvæmdakostnað endurskoðað og taki mið af kostnaði við að veita Betri samgöngum þjónustu.

Unnið verði á grundvelli minnisblaðs rýnihóps um stjórnskipulag Samgöngusáttmálans.

Aðilar eru jafnframt sammála um að færa verkefnastofu Borgarlínu og verkefnastjórn og hönnun á undirbúningsstigi, undirbúning skipulagsbreytinga, áætlanagerð, ritun útboðsgagna, framkvæmdir og eftirlit til Betri samgangna. Betri samgöngur horfi til þess að í starfi og skipulagi verkefnastofu verði áfram leitast við að nýta þann mannauð sem til staðar er hjá Vegagerðinni og sveitarfélögum.

Kafli 3.

UM VEGHALD

6. gr.

Í 6. mgr. 6. gr. Samgöngusáttmálans kemur fram að samhliða stofnun Betri samgangna ohf. verði festar í sessi skuldbindingar og hlutverk ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga varðandi viðhald og rekstur stofnvega, stofnstíga og almenningssamgangna og gengið frá fjárhagslegum, lagalegum og tæknilegum atriðum í því sambandi.

Því verkefni er ekki lokið en mikilvægt er að leiða framangreint til lykta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Innviðaráðherra skal í samráði við stjórn SSH hafa frumkvæði að verkefninu. Aðilar skuldbinda sig til að ljúka viðræðum um framangreint og skal niðurstaða þeirra liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2025.

Undir samkomulag þetta rita forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innviðaráðherra f.h. ríkisins og borgarstjóri og bæjarstjórar f.h. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Undirritun af hálfu ríkisins er með fyrirvara um að Alþingi samþykki þær lagabreytingar sem samkomulagið kveður á um. Að sama skapi er undirritun af hálfu sveitarfélaga með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.

Reykjavík, 21. ágúst 2024

F.h. ríkisins

forsætisráðherra

fjármála- og efnahagsráðherra

innviðaráðherra

F.h. sveitarfélaga

borgarstjóri Reykjavíkurborgar

bæjarstjóri Kópavogsbæjar

bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar

bæjarstjóri Garðabæjar

bæjarstjóri Mosfellsbæjar

bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026